

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2002/EES/12/40

frá 6. september 2000

## um viðmiðanir við mat á innlendum áætlunum samkvæmt 6. gr. tilskipunar ráðsins 1999/13/EB(\*)

(tilkynnt með númeri C(2000) 2473)

(2000/541/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 1999/13/EB frá 11. mars 1999 um takmörkun á losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysiefna við tiltekna starfsemi og í tilteknum starfsstöðvum<sup>(1)</sup>, einkum 5. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Aðildarríkin geta lagt fram og hrint í framkvæmd innlendum áætlunum um að draga úr losun í tiltekinni starfsemi og tilteknum starfsstöðvum sem þessi tilskipun nær til.
- 2) Viðmiðanir vegna innlendra áætlana eru mikilvægar svo að tryggt sé að áætlanirnar leiði til þess að losun minnki til jafns við það þegar viðmiðunarmörkum um útblástur er beitt.
- 3) Framkvæmdastjórnin verður að skera úr um, á grundvelli þessara viðmiðana, hvort innlendar áætlanir, sem aðildarríki leggur fram, teljast fullnægjandi eða ekki.

- 4) Framkvæmdastjórnin veitir ráðgjafarnefndinni, sem komið var á fót samkvæmt 13. gr., upplýsingar um viðmiðanirnar.

ÁKVÆÐIÐ EFTIRFARANDI:

*Stök grein*

Við mat á innlendum áætlunum samkvæmt 6. gr. tilskipunar 1999/13/EB gilda þær viðmiðanir sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa ákvörðun.

Gjört í Brussel 6. september 2000.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Margot WALLSTRÖM

*framkvæmdastjóri.*

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 230, 12.9.2000, bls. 16, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2001 frá 19. júní 2001 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 44, 6.9.2001, bls. 25.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 85, 29.3.1999, bls. 1.

## VIÐAUKI

**Viðmiðanir við mat á innlendum áætlunum samkvæmt 6. gr. tilskipunar 1999/13/EB**

## A. VIÐMIÐANIR SEM SÝNA AÐ AÐILDARRÍKI KUNNI NÁKVÆM SKIL Á NÚVERANDI LOSUN

1. Innlenda áætlunin ætti að sýna fram á að aðildarríkið kunni nákvæm skil á núverandi losun.

*Nauðsynlegar upplýsingar*

Aðildarríkið skal leggja fram skriflega yfirlýsingu þar sem: tilgreind er sú starfsemi sem áætlunin tekur til; starfsemin er flokkuð samkvæmt skjalfestu kerfi; tilgreindur er fjöldi starfsstöðva sem áætlunin hefur áhrif á; tilgreind er heildarlosun frá starfsstöðvum sem áætlunin hefur áhrif á; tilgreindur er grunnur hvers kyns losunarstuðla og tölfræðilegra upplýsinga um starfsemina sem eru notaðar til að meta losunina; lýst er þeim aðferðum sem eru notaðar til að leiða fram losunarstuðlana, til dæmis mæliaðferðunum.

## B. VIÐMIÐANIR TIL AÐ RÉTTLETA ÞRÓUN INNLENDRAR ÁÆTLUNAR

2. Í innlendu áætluninni skal vera rökstuðningur fyrir því að tekin er upp önnur aðferð en ákvæði 2. og 3. mgr. 5. gr. og II. viðauka segja fyrir um.

*Nauðsynlegar upplýsingar*

Aðildarríkið skal leggja fram skriflega yfirlýsingu þar sem skýrðir eru kostir þess að koma á innlendri áætlun í stað þess að beita ákvæðum 2. og 3. mgr. 5. gr. og II. viðauka.

## C. VIÐMIÐANIR TIL AÐ SÝNA FRAM Á AÐ INNLENDRA ÁÆTLUNIN SAMRÝMIST LÖGGJÖF, STEFNU OG GILDANDI, ALÞJÓÐLEGUM SKULDBINDINGUM ESB

3. Í innlendu áætluninni skulu færðar sönnur á að hún samræmist tilskipunum og yfirlýstum stefnumálum ESB, tvihlíða ríkjasamningum og alþjóðasáttmálum og -samningum.

*Nauðsynlegar upplýsingar*

Aðildarríkið skal leggja fram skriflega yfirlýsingu þar sem sýnt er fram á að gengið hafi verið úr skugga um að innlenda áætlunin samrýmist allri viðkomandi löggjöf.

## D. NÁKVÆMARI VIÐMIÐANIR SEM TAKA SKAL MIÐ AF ÞEGAR INNLENDRA ÁÆTLUNIN HEFUR UPPFYLLT VIÐMIÐANIR A, B OG C

Nauðsynlegar upplýsingar eru tilgreindar nákvæmlega á eftir 4. til 26. viðmiðun hér á eftir.

**Viðmiðanir til að sýna fram á samræmi við sérstakar kröfur í 6. gr. í tilskipun 1999/13/EB**

4. Innlenda áætlunin gildir eingöngu um stöðvar í rekstri (1. mgr. 6. gr.).
5. Innlenda áætlunin gildir ekki um 4. og 11. starfsemi í II. viðauka A (1. mgr. 6. gr.).
6. Innlenda áætlunin skal ekki útiloka neina starfsemi, sem tilgreind er í I. viðauka (1. mgr. 6. gr.), frá gildissviði tilskipunar 1999/13/EB.
7. Innlenda áætlunin skal ekki undanþiggja stöð í rekstri ákvæðunum sem mælt er fyrir um í tilskipun 96/61/EB (1. mgr. 6. gr.).
8. Í innlendu áætluninni skal vera skrá yfir þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið eða verða gerðar í því skyni að tryggja að þeim markmiðum, sem tilgreind eru í 1. mgr. 6. gr., verði náð (2. mgr. 6. gr.).
9. Í innlendu áætluninni skal vera nákvæm greinargerð um tilhögun vöktunar í fyrirhuguðu áætluninni (2. mgr. 6. gr.).
10. Í innlendu áætluninni skulu vera bindandi bráðabirgðamarkmið sem nýta má til að meta hversu vel miðar að ná þeim markmiðum sem tilgreind eru í 1. mgr. 6. gr. (2. mgr. 6. gr.).
11. Í innlendu áætluninni skal tilgreina þá starfsemi sem áætlunin vísar til (2. mgr. 6. gr.).

12. Í innlendu áætluninni skal tilgreina þá skerðingu á losun sem stefnt er að ná fram í þessari starfsemi og sem svarar til þeirrar skerðingar sem náðst hefði ef viðmiðunarmörk fyrir losun og/eða viðmiðunarmörk fyrir dreifða losun samkvæmt 2. og 3. mgr. 5. gr. og II. viðauka (2. mgr. 6. gr.) hefðu gilt.
13. Í innlendu áætluninni skulu tilgreindar þær stöðvar sem áætlunin hefur áhrif á og samanlögð losun þeirra og samanlögð losun í hverri einstakri tegund starfsemi (2. mgr. 6. gr.).
14. Í innlendu áætluninni skal einnig vera lýsing á þeim gjörningum sem nauðsynlegir eru til að ná fram þeim kröfum sem settar eru fram í henni, sönnun fyrir því að unnt sé að framfylgja gjörningunum og nákvæmar upplýsingar um hvernig fylgst verður með því að farið verði að áætluninni (2. mgr. 6. gr.).

#### **Viðmiðanir til að sýna fram á samræmi við önnur viðkomandi ákvæði tilskipunar 1999/13/EB**

15. Í innlendu áætluninni skulu tilgreindar nauðsynlegar ráðstafanir sem hafa verið eða verða gerðar til að tryggja að stöðvar, sem áætlunin hefur áhrif á, uppfylli kröfur 5. gr. (nema, ef það er heimilað í áætluninni, í 2. og/eða 3. mgr.), 8. og 9. gr. og þær kröfur, sem gerðar eru í áætluninni, eigi síðar en 31. október 2007 (1. mgr. 4. gr.).
16. Í innlendu áætluninni skulu tilgreindar nauðsynlegar ráðstafanir sem hafa verið eða verða gerðar til að tryggja að þær stöðvar, sem áætlunin hefur áhrif á, hafi verið skráðar eða leyfðar eigi síðar en 31. október 2007 (2. mgr. 4. gr.).
17. Í innlendu áætluninni skulu tilgreindar nauðsynlegar ráðstafanir sem hafa verið eða verða gerðar til að tryggja að þær stöðvar, sem áætlunin hefur áhrif á, uppfylli kröfurnar um vöktun sem mælt er fyrir um í 8. gr.
18. Í innlendu áætluninni skulu tilgreindar nauðsynlegar ráðstafanir sem hafa verið eða verða gerðar til að tryggja að þær stöðvar, sem áætlunin hefur áhrif á, uppfylli þau ákvæði um viðmiðunarmörk fyrir losun og/eða viðmiðunarmörk fyrir dreifða losun sem sett eru fram í innlendu áætluninni í samræmi við 9. gr.
19. Í innlendu áætluninni skulu tilgreindar nauðsynlegar ráðstafanir sem hafa verið eða verða gerðar til að tryggja að þær stöðvar, sem áætlunin hefur áhrif á, uppfylli kröfur í 10. gr. komi í ljós að kröfur í tilskipuninni eða áætluninni hafi ekki verið uppfylltar.
20. Í innlendu áætluninni skal koma fram að þær skýrslur, sem aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni samkvæmt 11. gr., verði að innihalda gögn sem eru nægilega dæmigerð til að sýna fram á að kröfurnar í 6. gr. hafi verið uppfylltar (2. mgr. 11. gr.).
21. Í innlendu áætluninni skal vera lýsing á nauðsynlegum ráðstöfunum sem hafa verið eða verða gerðar til að tryggja almennan aðgang að upplýsingum, sem varða stöðvar sem áætlunin hefur áhrif á, í samræmi við 12. gr.

#### **Viðmiðanir til að sýna fram á að áætlunin leiði til samsvarandi skerðingar árlegrar losunar**

22. Í innlendu áætluninni skal koma fram núverandi árslosun frá þeim stöðvum sem áætlunin hefur áhrif á.
23. Í innlendu áætluninni skal tilgreina þá skerðingu á árlegri losun frá stöðvum, sem áætlunin hefur áhrif á, sem náðst hefði ef viðmiðunarmörk fyrir losun úrgangslöfts og/eða viðmiðunarmörk fyrir dreifða losun samkvæmt 2. og 3. mgr. 5. gr. og II. viðauka hefðu gilt.
24. Í innlendu áætluninni skal koma fram hve mikil skerðing á árslosun frá þeim stöðvum, sem áætlunin hefur áhrif á, næst við framkvæmd áætlunarinnar.
25. Í innlendu áætluninni skal koma fram að skerðingin samkvæmt 24. viðmiðun skuli hið minnsta vera jafnmikil og skerðingin samkvæmt 23. viðmiðun.

#### **Viðmiðanir til að fullgilda þær aðferðir sem notaðar eru til að sýna fram á að farið sé að áætluninni í samræmi við 14. viðmiðun og 2. mgr. 6. gr.**

26. Innlenda áætlunin skal leiða í ljós að þau úrræði, sem notuð eru til að sýna fram á að farið sé að áætluninni, séu nægilega skilvirk til að þriðji aðili geti sannreynt að farið sé að henni.

#### *Nauðsynlegar upplýsingar fyrir 4. til 26. viðmiðun*

Leggja skal fram upplýsingar á fjórum megin sviðum sem lýsa má stuttlega á eftirfarandi hátt:

- i) Aðildarríkið skal leggja fram skrá yfir þær stöðvar sem tilgreindar hafa verið og innlenda áætlunin nær til, sundurliðaða að minnsta kosti eftir starfsemi (sem tilgreind er í II. viðauka A) og helst samkvæmt 2. stigi í Corinair/EMEP SNAP.

- ii) Aðildarríkið skal leggja fram nákvæma greinargerð um hvernig staðið verður að framkvæmd innlendu áætlunarinnar af hálfu lögbærs yfirvalds og þar skulu koma fram upplýsingar um:
- lögbæra yfirvaldið,
  - hvernig lögbæra yfirvaldið hyggst haga tímasetningum og hvernig eftirliti með þeim verður háttað,
  - hvernig lögbær yfirvöld halda skrár yfir hverja starfsstöð sem innlenda áætlunin tekur til,
  - hvernig þessar skrár verða útfærðar, að því er varðar hverja starfsstöð, með upplýsingum um þá starfsemi sem áætlunin nær til; um þær ráðstafanir sem gripið er til; þann fjölda klukkustunda sem tækjabúnaður er í rekstri; viðmiðunarmörk fyrir losun og/eða dreifða losun og/eða bindandi bráðabirgðamarkmið sem ná skal; aðferðir við vöktun eða til að sýna fram á að farið sé að viðmiðunarmörkum um losun og dreifða losun,
  - aðferðir sem beitt er við að vakta innlendu áætlunina, halda skýrslur um hana og sýna fram á að farið sé að henni. Aðildarríkið getur annaðhvort stuðst við massajafnvægi, í samræmi við III. viðauka, eða aðferðir notaðar við mælingar á massastyrk og rúmmáli flæðis, í samræmi við viðurkennda, alþjóðlega eða evrópska staðla. Leggi aðildarríkið til að notaðar verði aðrar aðferðir skal með innlendu áætluninni vera unnt að sýna fram á þær séu svipaðar hvað varðar nákvæmni.
- iii) Aðildarríkið skal leggja fram skrá yfir losun allra starfsstöðva sem innlenda áætlunin hefur áhrif á. Aðildarríkið skal leggja fram staðfestingu í formi lýsandi gagna og skjalfestra upplýsinga um aðferðir þannig að fram geti farið óháð sannprófun á tilkynntri losun. Þessi skrá verður að vera svo úr garði gerð að sýna megi fram á samsvörun við tilskipunina og aðildarríkið skal leggja fram lýsandi útreikninga á skerðingu á árslosun, sem tilkynnt er um samkvæmt 23. og 24. viðmiðun, þannig að fram geti farið óháð sannprófun á reikningsaðferðunum.
- iv) Aðildarríkið skal gera grein fyrir því hvernig það hyggst veita almenningi aðgengi að innlendu áætluninni, markmiðum hennar og þeirri framvindu sem á sér stað í hinum einstöku starfsstöðvum og miðar að því að þessum markmiðum verði náð. Í sumum tilvikum gætu tiltekna upplýsingar talist trúnaðarmál og þeim yrði því haldið utan aðgengis almennings. Þetta gæti til dæmis átt við um:
- upplýsingar um stöðvar hernaðarlegs eðlis,
  - upplýsingar sem varða stöðvar þar sem tölur er varða framleiðslu, svo sem ílag leysiefna, rekstrartími og rúmmál flæðis, geta verið viðkvæmar vegna viðskiptahagsmuna.
-